

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. apríl 2023
UST202303-161/B.S.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - þjónustumiðstöð í Landmannalaugum. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 15. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mannvirkjagerð í Landmannalaugum.

Um langt skeið hefur ástand lands og innviða í Landmannalaugum verið mjög slæmt eins og úttektir Umhverfisstofnunar hafa sýnt. Því er það jákvætt að ráðist verði í löngu tímabærar endurbætur á svæðinu.

Að mati Umhverfisstofnunar kemur óbreytt ástand í Landmannalaugum ekki til greina. Í greinargerð er fjallað um þrjá valkosti og eru þeir allir til bóta. Væntanlega munu fjárveitingar ráða verktíma, áfangaskiptingu og endanlegum útfærslum en allar tillögurnar eru til bóta.

Umfjöllun í matsskýrslunni er ítarleg og góð. En gjarnan hefði mátt setja fram skýrari hugmyndir um stýringu á fjölda ferðamanna til að draga úr álagi á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur að úrbætur á innviðum í Landmannalaugum muni einungis hafa jákvæð áhrif í för með sér og gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við matsskýrsluna.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir,
sérfræðingur